

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 328/2022

2023/EES/48/39

frá 9. desember 2022

## um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1210 frá 13. júlí 2022 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 að því er varðar snið innherjalista og uppfærslu þeirra <sup>(1)</sup>.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1210 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/347 <sup>(2)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 29ae (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/347) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„**32022 R 1210**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1210 frá 13. júlí 2022 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 að því er varðar snið innherjalista og uppfærslu þeirra (Stjttíð. ESB L 187, 14.7.2022, bls. 23).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/1210, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>, eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 215/2021 frá 9. júlí 2021 <sup>(3)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 187, 14.7.2022, bls. 23.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 65, 11.3.2016, bls. 49.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(3)</sup> Verður birt.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kristján Andri Stefánsson***

formaður